Mýrdalshreppur

# F U N D A R G E R Ð

**20. fundur Íþrótta – og tómstundaefndar Mýrdalshrepps.**

**Fundarstaður:** Skrifstofa Mýrdalshrepps

**Fundartími:** Mánudaginn 23. júlí 2018 kl. 16:00.

**Mættir:** Undirritaðir aðalmenn og varamenn Íþrótta- og tómstundanefndar. Guðrún Hvönn Sveinsdóttir boðaði forföll á fundinum.

**Ritari fundarins:** Ásgeir Magnússon

**Formaður setti fund og stjórnaði.**

**Gerðir fundarins.**

## Dagskrá:

1. **Kosning varaformanns nefndarinnar**
   Fram kom tillaga um að Anna Birna Björnsdóttir yrði varaformaður nefndarinnar og var hún samþykkt.

2. **Kosning ritara nefndarinnar**
   Fram kom tillaga um að Guðrún Hvönn Sveinsdóttir yrði ritari nefndarinnar og var hún samþykkt.

3. **Umsókn um starf íþrótta- og tómstundafulltrúa Mýrdalshrepps** Ástþór Jón Tryggvasson víkur af fundi undir þessum lið.
   Fyrir var tekin umsókn Ástþórs Jóns Tryggvasonar um starf íþrótta- og tómstundafulltrúa Mýrdalshrepps, en starfið var auglýst laust til umsóknar í september 2017, en þá sótti enginn um starfið. Ákveðið var að auglýsa starfið aftur í maí vor og þá barst ein um sókn frá Ástþóri áður en umsóknarfrestur var úti.

   Sveitarstjórn tók umsóknina fyrir á fundi 17. maí og þar var bókað:
   1. **Umsókn um starf íþrótta- og tómstundafulltrúa** E.Tryggvi Ástþórsson víkur af fundi undir þessum lið.
      Fram var lögð umsókn frá Ástþóri Jóni Tryggvasyni um um starf íþrótta- og tómstundafulltrúa Mýrdalshrepps.
      Sveitarstjórn vísar þeim umsóknum sem kunna að berast til umsagnar í íþrótta- og tómstundanefndar. Með vísan til samþykktar sveitarstjórnar frá síðasta fundi, var starfið var auglýst á ný á heimasíðu sveitarfélagsins föstudaginn 11. maí og er umsóknarfrestur til 25. maí. ETÁ mætir aftur til fundarins.

   Íþrótta- og tómstundanefnd telur að umsóknin uppfylli ekki þau skilyrði sem sett voru í auglýsingu starfsins og mælir því ekki með ráðningu Ástþórs í starfið. ÁJT mætir aftur til fundarins.

4. **Önnur mál**
   1. Ákveðið var að nefndin færi í vettvangsferð íþróttahús og sundlaug sveitarfélagsins til skoðunar. Nefndin tekur auðsynlegt að ráðist verði sem fyrst í endurebætur á

búningsaðstöu íþróttahússins og eins þarf að fara í lagfæringar á vallarhúsinu. Nefndin telur að en einnig þurfi að sinna betur umgengni í íþróttahúsinu og ýmsum minniháttar lagfærinum bæði á húsinu og búnaði til íþróttaiðkana.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl: 17.30

| | |
|---|---|
| _______________________________ | _______________________________ |
| S. Elías Guðmundsson form. | Anna Birna Björnsdóttir |
| _______________________________ | _______________________________ |
| Haukur Pálmason | Guðrún Hvönn Sveinsdóttir |
| _______________________________ | _______________________________ |
| Ástþór Jón Tryggvason | |